

**Kynningarfundur rammaáætlunar
Þjóðminjasafni 26. mars 2010.
Fundarfrásögn: Helga Barðadóttir**

Til fundarins voru boðuð frjálsra félagasamtaka og Félag umhverfisfræðinga.

Fjöldi: Um 30 gestir.

Svanfríður flutti stuttan inngang að verkefninu og starfinu og lagði áherslu á að umsagnarferli sé í fullum gangi og hægt sé að koma á fram formlegum athugasemdum til verkefnisstjórnar til 19. apríl. Jafnframt ítrekað að mikið efni sé að finna á heimasíðu verkefnisins.

Þessi fundur að því leyti að til hans var einungis boðað fulltrúum frjálsra félagasamtaka – umhverfis- og náttúruverndarsamtaka.

Guðni kynnti vinnu faghóps IV, Hjalti kynnti niðurstöður faghóps III, Anna faghóps II og að lokum kynnti Þóra Ellen niðurstöður faghóps I.

Kynningar voru stuttar en markmið var að gefa frekar tíma til umræðna og fyrirspurna.

Þóra svararði í sinni kynningu nokkuð þeirri gagnrýni sem sett hefur verið fram á aðferðarfærði faghóps I.

Guðrún Tryggvadóttir

Hvernig stendur á því að ekki voru kallaði til fagurfræðingar við vinnuna? Telur að enn mætti bæta úr því. Nefndi sérstaklega Þorvarð Árnason sem sérfræðing á þessu sviði.

Mörður Árnason

1. Beinir athugasemd að fagh. 1

Telur að enn sé stuðst við mat/aðferð sem hafi verið umdeild í 1. áfanga og telur ágreining nú snúast um að vísindamenn séu að reyna að fella hið sérstaka mat að aðferð sem ekki passar og á ekki við svo sem Gjástykki af því þar vex ekkert. Nauðsynlegt að hafa eitthvert flagg/merki svo það fari ekki svona illa út úr þessari flokkun. Er það enn hægt?

Gjástykki hvorki hækkað né lækkað

2. Beinir athugasemd að fag. hóp II

Segir að eftir nokkra áratugi verða um 70% íb. landsins á höfuðb.svæðisins. Segir þau svæði sem metin eru í nágrenni höfuðborgarsvæðisins séu einnig útivistarsvæði og þau komi illa út í vinnu fag. þar sem alltaf sé miðað við að hver kostur sé sá næsti.

Telur að það þyrfti að vera B kostur – t.d. Hengillinn eða Reykjanes sem slíkt metið sem ein heild – myndi hækka kostina.

Reynir Ingibjartsson ,Stjórn Reykjanesfólksvangs

Horfir á Reykjanes svæðið og rekur sig á það sama og Mörður nefndi, þ.e. hann telur að meta hefði átt svæðið í heild en þess í stað sé Reykjanesið brytjað niður í einstaka virkjanakosti. T.d. sé Krísuvík metið sem 4 kostir og allt metið út frá því.

Segir að það sem búið er að virkja og svæði þar í kring hafi „óvart“ fallið í gildi og svæðin sigið niður en hann telur að ósnortin svæði í grennd við virkjanasvæði ættu í raun að vera verðmætari.

Telur rétt að í næsta áfanga verði svæðið metið í einu lagi.

Vill ekki gagnrýna vinnu rammaáætlunar sem slíka, en telur Reykjanesið sennilega verðmætasta svæðið fyrir stærstan hluta þjóðarinnar hvað varðar útivist.

Hjörleifur Guttormsson

Segist hafa horft lengi á lengdar á vinnu að rammaáætlun og er ekki sáttur við upphaf nálgunar að virkjunarviðmið sé aðalnálgun, náttúruverndin mætti alveg eins vera í 1. sæti og hallar á í hugmyndafræðinni og það þurfi að taka til alverlega til athugunar.

Undrast að það skuli vera iðnaðarráðuneyti sem er leiðandi í vinnunni ólíkt í Noregi.

Gott það sem bent hefur verið á varðandi nálægð við þéttbýli

Skekkir myndina verulega í raun þegar farið er að leggja saman.

Sjálfbærnikvarðinn – hvað hafa faghóparnir farið ofan í hugmyndir varðandi sjálfbærni vatnsafls og jarðvarma – endurnýjanleg orka – er það sjálfkrafa með sjálfbærnistimpilinn?

Menn ættu að flýta sér hægt við að draga ályktun af þessum niðurstöðum – ekki skamma sendiboðann heldur þá sem lögðu niður vinnuna.

Segir að ekki megi nota niðurstöðurnar til ákvarðanatöku innan ekki langs tíma það sé ekki réttmætt – nauðsynlegt sé að liggja yfir þessu

ekki sem grundvöll um ákvarðanatöku fyrir eitthvað stórt – alltaf spurning um stóriðju nema litlar virkjanir á fárra ára fresti.

Forsvarsmenn Helguvíkur fórna höndum því þeir hafa enga orku. „Eru alveg eins og apakettir í þessum vinnubrögðum svo ég orði það nú bara pent“ – þarf að minnsta kosti eitt kjörtímabil og alveg illa undir það búið að fara að taka róttækar ákvarðanir sem leið til þess að eitthvað verði lögfest.

Árni Finnsson

Í erindisbréfinu segir að hafa skuli viðtækt samráð við almenning en telur það ekki hafa verið tilfellið. Verkefnið skilgreint í samræmi við stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar sem þá var, en hvaða umboð hefur verkefnisstjórnin nú?

Höfðu allir faghópar sömu virkjanakosti til umfjöllunar?

Telur að það þurfi að ná sátt – þurfi miklu lengri tíma

Tvær útgáfur að Dettifossvirkjun – „hvaða vitleysa er það - hvaða sátt er það“. Er þetta ekki þjóðgarður?

Ef þetta er til að hafa viðmið, af hverju er það ekki sagt strax – veldur ruglingi og vekur vantraust.

Til hvers er verið að vinna þessa vinnu?

Af hverju er ekki skoðað hvaða árangur náðist af þessari stóru virkjun fyrir austan?

Af hverju er ekki farið í að meta landið með skilyrtu verðmætamati með forsendu náttúrunnar en ekki virkjunar?

Telur að VG geti aldrei hleypt þessu í gegn ef fyrir liggur að kosningar standa fyrir dyrum????

Jóhanna segir að um leið og ramminn verði tilbúin þá verði hafist handa við að virkja.

Hvar er sáttin ??

Svanfríður

Í stjórnarsáttmála segir nú að þetta eigi að færa undir umhverfisráðherra.

Er verið að lögfesta málsmeðferðina

Í fyrri áfanga og við upphaf þessarar vinnu kom ítrekað fram að kallað var eftir því að menn vildu vita hvað yrði um niðurstöðurnar.

Víðtækt samráð hafi verið haft og þau samtök sem verkefnisstjórn hafi haft hugmyndaflug til að boða til samráðs hafi komið á fund verkefnisstjórnar.

Hjalti – hvað er að gerast fyrir austan

Í samræmi við þingsályktun frá 2003 hefur HA unnið að samfélagsáhrifum vegna virkjananna fyrir austan til ársloka 2009 og síðasta skýrslan kynnt innan skamms. Áhrifin því þokkalega vel þekkt.

Þóra – fagurfræði

Í fyrri vinnu var haft samráð við marga fagurfræðing, m.a. Þorvarð Árnason og Stefán Pálsson.

Einnig samráð við finnskan sérfræðing og bandarískan prófessor frá Harvard.

Vandamálið hve faghóparnir höfðu stuttan tíma til að vinna og enginn fagurfræðingur við vinnuna.

Þóra sagðist hafa reynt að berjast fyrir því að gert verði fagurfræðilegt mat á landslagi landsins.

Guðni

Sammála Hjörleifi varðandi hugtakið sjálfbærni og sérstaklega ósammála um það hvað ekki er sjálfbært – hvað er self sustainable?

Í vinnunni hefur meira verið horft til Brutland-skilgreiningarinnar og því ekki verið að horfa á einstakar virkjanir í því sambandi og það þarf að leiðrétta.

Varðandi friðlýst svæði

Ítrekaði að friðlýsing nær til ákveðinna atriða á ákveðnum svæðum og ekki verkefnisstjórnar að túlka friðlýsingar öðru vísi en stendur í friðlýsingunni. Nauðsynlegt að horfa til þess hvernig friðlýsing er skilgreind.

Anna

Varðandi spurningu Árna hvort allir faghópar hafi metið sömu kostina

Faghóparnir reyndu að meta eins og gögn voru til.

6 vatnsaflskostir sem fagh. II gat ekki metið þar sem útfærsla var mjög óljós og jafnvel engar upplýsingar um áhrif á ferðamennsku en allir 81 voru metnir út frá veiði og 4 vantaði upp á mat varðandi beit.

Engar sérstakar rannsóknir milli 1. og 2. áfanga varðandi ferðamennsku.

Varðandi svæði í nágrenni Reykjavíkur sem eru sérstaklega verðmæt verða að bíða 3. áfanga.

Vonar að í umræðu og lokamat verkefnisstjórnar verði tekið tillit til þessa í lokaniðurstöðum og hægt væri að hafa ekki bara eina lokaröðun heldur þurfi þetta að vera með.

Erum enn að læra en vill helst ekki bíða eftir 3. áfanga.

Þóra

varðandi Gjástykki og það megi ekki gengisfella vegna gróðurleysis.

Aðferðafræðin er þannig að svæði líða fyrir það sem þau hafa ekki, vatnsaflssvæði líða fyrir það að þar eru ekki hitakærar örverur.

Gríðarleg verðmæti í lífríkinu en ekki bara í jarðfræðinni.

Þó Gjástykki raðist svona hjá l þá má ekki lesa niðurstöðurnar þannig að fagh. l meti það svo að ekki eigi að friðlýsa.

Er ekkert lokasvar

Varðandi spurninguna með flögg þá var það í raun gert með athugasemdinni „sérstök“

Reynir Ingibjartsson

Varðandi einstaka virkjanakosti og uppbot á Reykjanesskaga

Viðurkennir að þetta er rétt ábending – ekki auðvelt

Kerlingarfjöll og Torfajökulssvæði – lítið röskuð svæði

Landslagsheildir á Reykjanesi ekki eins einsleitar.

Betri upplýsingar um Reykjanes en þetta er álitamál að sennilega hefði átt að vera 3. stig þar sem Reykjanes væri tekið sem eitt svæði.

Hjörleifur Guttormsson

Svæði í nálægð við þéttbýli – líða fyrir það

erum að reyna að raða á landsvísu, var skoðun faghópsins að víðernin á hálendinu væru gríðarlega mikil verðmæti og metið að þau væru verðmætari en svæðin í nágrenni höfuðborgarsvæðisins, en það er líka álitamál.

Tekur undir margt af því sem Árni segir

Ljóst að þetta er unnið á forsendum orkunýtingar

Mörður

Þakkar fyrir þá vinnu sem hér hefur farið fram en hann setur spurningamerki við aðferðafræðina. spyr

Bendir á að fimm atriði sem aðferðafræðin nær ekki yfir og þarf að leiðrétta

Náttúrufræðingar – á að meta það þannig að það sem hefur verið raskað að þar eigi frekar að virkja

Árni

Hvaðan kemur orkan í Helguvík ítrekað spurt rh – skilur ekki að eina svarið sem berist komi frá Ísor um að þeir sem ekki vilja virkja séu úrtöllumenn.

Svanfríður rifjar upp að nú sé verið að kynna „milli“ niðurstöður sem nú á eftir að vinna frekar með.

Guðmundur Ingi Guðbrandsson, form. félags umhverfisfræðinga

Tekið undir margt sem komið hefur fram svo sem um forsendur vinnunnar.

Svæði sem sem „sjálfsagt þykir að friða“ hvað gerir það við þau svæði sem eru líka verðmæt og fara svo neðar.

Ef gert er eins og í Noregi er áætlunin sett i í þrjá flokka.

Ýmis svæði á hálendinu sem mörgum finnst sjálfsagt að vernda

Eru einhver svæði sem þegar er hægt að taka frá ?

Eru niðurstöður fagh. III nokkurskonar undirhópur fagh. IV

Til faghóps III og IV þá höfðar vinnan ekki síður til almennings en vinna hinna faghópanna.

Greindi frá því að settur hefði verið á laggirnar starfshópur á vegum FUMÍ sem muni skila inn formlegum athugasemdum.

Ingólfur Jóhannesson – form. náttúruvamt. Norðurlandi

Forsendur allrar vinnunnar er orkunýting og kemur best út í vinnu faghóps III þar sem ekki er metin önnur nýting en orkunýting.

Umræðan fer mikið út í aðferðafræði og jafnvel hvort greinar hafi birst í ritrýndum tímaritum.

Telur aðferðafræðina takmarkaða.

Náum ekki náttúruverndarpólitískri sátt með þessum aðferðum sem unnið er eftir – mikil takmörk

Telur vinnuferlið að rammaáætlun ekki hafa verið gagnsætt.

Telur að í vinnunni hafi menni verið að megindgera það sem er í raun eigindlegt og vísar í því til skilgreiningar á fagurfræðinni.

Árni Bragason

Vinnan frábær gögn sem beðið hefur verið eftir lengi.

Bíður eftir lagafrumv. því fyrr verði ekki hægt að taka á því sem lagt er fram.

Rammaáætlun má ekki verðfella náttúruverndaráætlun en þar á að meta verndargildi og hvers virði fyrirbærin eru.

Er hræddur um aðþegar svæði eru komin í verndarflokk þá verði milliflokkurinn tekinn í virkjanir

Fagnar því að loksins séu sett fram hágildi, miðgildi og lággildi fyrir háhitasvæðin.

Miðgildi á Reykjanesi 45 MW. Hlutirnir settir fram á eðlilegri hátt en oft áður.

Kolbrún Halldórsdóttir

Vinnan mikilvæg og að mikilvægt að hún sé kynnt

Kolbrún sagði að hún liti á rammaáætlun sem vinnu í „prógress“ og þar með gengur eftir að þetta klárast. Vinnan unnin á forsendum orkunýtingar og telur að farið hafi verið af stað með því að slá ryk í augu fólks með nýjum titli þar sem verndun var bætt inn.

Er ekki verndaráætlun og aldrei verið fyrirskipað.

Stjórnvöld hafa klikkað á því að setja fjármagn og orku í að vinna náttúruverndaráætlun og þessi vinna á að kallast saman.

Yfirlit orkumálastjóra um sjálfbærni. Ekki hægt að leyfa sér að skilgreina hugtakið sjálfbæra þróun án þess að skilgreiningin hafi verið sett í lög.

Vísar í skilgreiningu sem sett var fram í niðurstöðum nefndar sem lagði fram til iðnaðarráðherra, drög að nýju frumvarði til vatnalaga í desember sl.

Einar Þorleifsson – náttúruvaktin

Telur að verið sé að hræra saman of mörgum þáttum í einkunnagjöfni og það gangi ekki.

Finnst að vanta tegundalista, friðun svæða, válistategundir

búa til sérstakt kerfi um jarðmyndanir og sérstakar steindir

tafla bls. 16. lífv. viðföng. Ekki nefndar lífverur við árósa, refir, selir,

Smádyr á landi eru ekki með.

Lárus frá Landvernd

Spyr verkefnisstjórn um það í hvaða ferli fara athugasemdir fari og hvernig verði haft samráð við þá sem enda inn athugasemdir.

Finnst tíminn allt of stuttur til að vinna góðar athugasemdir .

Björgúlfur Thorsteinsson, form. Landverndar

Varðandi aðferðafræðina þá telur hann að gera mikla fyrirvara í formála lokaskýrslu til að niðurstöður verði ekki misnotaðar. Hann hefur áhyggjur af að pólitíkusar komi til með að misnota niðurstöðurnar. Hvernig verður komið í veg fyrir að niðurstöður verði notaðar í örðum tilgangi.

Hjörleifur Guttormsson

Gerir athugasemdir við að minni og litlir virkjanakostir skuli ekki vera teknir með, þ.e. undir 10 MW því þeir geta verið alveg eins varasamar og vísar í því sambandi á Fjarðarárvirkjun.

Svanfríður sagði að miðað hefði verið við 10 MW því þar liggja mörk um mat á umhverfisáhrifum.

Þóra

Svarar Einari – af hverju ekki öll dýr

Smádýr a landi ekki með af því að það vantaði gögn. Hreindýr voru tekin með í 1. áfanga. Varðandi refi þá voru þeir ekki teknir með þar sem það myndi ekki greina mikið á milli virkjanakosta.

Selir – meðvituð um áhrif á breytingar sem verða á rennslis við sjó, svo sem uppleyst næringarefni

Meðaleinkunn notuð. Virki ekki að búa til tvær einkunnir annars vegar fyrir jarðmyndanir og hins vegar fyrir lífríki. Það myndi bara fresta vandamálinu.

Vandséð a hægt sé að gera þetta öðruvísi miðað við uppleggið. Þóra vildi hafa meira um fagurfræðina – svara þar Ingólfi.

Varðandi það sem sjálfsagt þykir að vernda og Þóra hefur líka áhyggjur, að það sé innbyggð slagsíða. Þau svæði sem búið er að virkja, þau er ekki hægt að vernda, en svæði sem búið er að vernda eru þau enn í virkjanapottinum!!!??

Varðandi misnotkun upplýsinga – það besta sem verkefnisstjórn geti gert er að koma inn sem mestum upplýsingum – því miður allir peningar búnir.

Fulltrúar í faghópunum hafi lagt á sig mikla vinnu og hafa talið sig vera að gera gagn. Uppplýsingum þarf að koma betur á framfæri.

Segir tegundalista, fugla og plöntur í viðauka.

Guðni

Niðurstöður faghóps 3 notuð í vinnu fagh. 4

Í faghópi 4 eru hagkvæmnisflokka og margar virkjanir með sama númer en hægt að fá betri röðun með því að nota niðurstöður 3 með.

Allar skilgreiningar í lagatexta varðandi sjálfbæra þróun hafa verið settar fram á mismunandi forsendum og þyrfti að endurskoða.

Varðandi smáu virkjanakosti. Í dag eru 240 smávirkjanir sem framleiða 100 MW

Þar eru ýmis vandamál sem OS vinnur að því að kortleggja.

10 MW á ekki að skilja sem svo að ekki þurfi að sinna þeim.

Svanfríður

Rammaáætlun getur orðið verndaráætlun ef ákv. er að ekki verði virkjað, en það fer að sjálfsgöðu eftir því hver á heldur. Ítrekar að verkefnisstjórn á eftir að vinna með niðurstöður faghópanna.

Faghóparnir og síðan verkefnisstjórnin munu fara vel yfir þær ábendingar og umsagnir sem berast.